



Innheimtureglur leikskóla

Á fundi fræðslunefndar þann 16. nóvember s.l. var lagt fram minnisblað Guðrúnar Birgisdóttur skóla- og sérkennslufulltrúa þar sem lagðar voru til breytingar á innheimtureglum sveitarfélagsins er varða leikskóla. Bókun fundarins var eftirfarandi: *Fræðslunefnd gerir breytingar í samræmi við umræður á fundinum.*

Taka þarf afstöðu til breytingatillögu starfsmanna og fræðslunefndar.

Tillaga að nýjum reglum:

- Gjöld skal greiða fyrirfram. Gjald dagi er fyrsta dag hvers mánaðar.
- Eindagi er 5 dögum eftir gjalddaga. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga.
- Ef leikskjólágjald hefur ekki verið greitt eða um það samið eftir einn mánuð (30 daga) frá gjalddaga, fær forráðamaður sent bréf um að leikskólágjöld séu komin í vanskil og verði sent í löginnheimtuferli. Gefnir eru 14 dagar til andmæla ef ekkert er að gert innan þess tíma verði leikskólalássi jafnframt sagt upp.
- Eftir uppsögn er lögfræðiinnheimtu falið að innheimta skuldina

Innheimtureglurnar eru svohljóðandi í dag:

- Ef gjald hefur ekki verið greitt að mánuði liðnum fær viðkomandi forráðamaður senda tilkynningu um vanskil og skuldin fer í innheimtuferli hjá Intrum þar sem greint er frá heimild til að segja upp plássinu ef ekki er staðið í skilum.
- Hafi skuldin ekki verið greidd, eða um hana samið eftir þrjá mánuði (90 daga) frá gjalddaga, er viðkomandi forráðamanni sent uppsagnarbréf þar sem plássi barnsins er sagt upp frá og með 1. degi næsta mánaðar. Gefinn verður 10 daga frestur til að ganga frá skuldinni ella verður barnið að hætta í lok mánaðar.
- Að þeim tíma liðnum er send loka aðvörðun og eftir uppsögn er lögfræðiinnheimtu falið að innheimta skuldina.

MH